



Til: Arnór Þórir Sigfússon <ats@verkis.is>  
Afrit: Þorbergur Steinn Leifsson <tsl@verkis.is>, Hugufrún Gunnarsdóttir <hug@verkis.is>  
Efni: Re: 13029003-1-TP-0197-RE: 13029003-1-TP-0167-Hvalá  
Upplýsingar: Sent: 09.04.2018 11:12:57 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018030036, Bréfalyklar: 42-8 Ums  
um efnisnám og aðrar náttúruauðindir

Tilvísun í mál: 2018030036

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Verkís, dags. 16. mars sl., þar sem óskað er eftir álit Náttúrufræðistofnunar Íslands um niðurstöður rannsókna á vatnalífi og athugunum á fuglalífi vegna Hvalárvirkjunar.

Samkvæmt Verkís gefa niðurstöður viðbótarathugana á fuglalífi ekki tilefni til breytinga á vægiseinkunum frá matsskýrslu og breyta því ekki mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar á fugla. Einnig eru leidd rök að því að ekki sé tilefni til vöktunar á áhrifum framkvæmdarinnar á fugla. Hvað varðar rannsóknir á vatnalífi þá er lagt til frekar vöktunar að framkvæmdum loknum þ.e. „Lagt er til að endurtaka netaveiði í öllum vötnunum sem veitt var í 2015 og 2017 og rafveiða í ánum á neðri svæðunum sem eru fiskgeng frá sjó. Þetta verði gert þrisvar sinnum á tveggja ára fresti eftir að framkvæmdum lýkur og þá metið hvort ástæða sér til frekari vöktunar. Um leið og veitt er þá verði tekin svifsýni sem geta verið indikatarar á breytingar auk blaðgrænumælinga, mælinga á sýrustigi, hita og e.t.v fleiri hefðbundnum umhverfisbreytum.“

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir gögn málsins og gerir ekki athugasemd framangreindar niðurstöður.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)  
212 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is



Frá: Arnór Þórir Sigfússon <ats@verkis.is>  
Dags: 16.03.2018 08:32:22  
Til: Trausti Baldursson <trausti@ni.is>  
cc: Þorbergur Steinn Leifsson <tsl@verkis.is>, Hugufrún Gunnarsdóttir <hug@verkis.is>  
Efni: 13029003-1-TP-0197-RE: 13029003-1-TP-0167-Hvalá

Sæll Trausti

Í framhaldi af meðfylgjandi erindi og tölvupósti frá mér til þín, 5 júlí 2017 um rannsóknir á vatnalífi við Hvalárvirkjun þá sendi ég þér hér skýrslur um rannsóknir á vatnalífi og um athuganir á fuglalífi. Í álit Skipulagsstofnunar segir „Haft verði samráð við Náttúrufræðistofnun Íslands um tilhögun þessara athugana og einnig um það hvort niðurstöður þeirra gefa tilefni til vöktunar

á afdrifum válista- og ábyrgðartegunda á áhrifasvæði framkvæmdarinnar að loknum framkvæmdum“ og það sama var sagt um vatnalíf. Því óska ég eftir samráði um túlkun niðurstaðna og nauðsyn vöktunar.

Í skýrslunni um fugla þá er ályktað að niðurstöður viðbótarathugana gefi ekki tilefni til breytinga á vægiseinkunnum í matsskýrslu og breyti því ekki mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar á fugla. Einnig eru leidd rök að því að ekki sé tilefni til vöktunar á áhrifum framkvæmdarinnar á fugla.

Eftir að hafa metið niðurstöður meðfylgjandi skýrslu um vatnalíf og að höfðu samráði við Huguínu Gunnarsdóttur vatnalíffræðing á Verkís teljum við að líkt og með fugla gefi niðurstöður viðbótarannsóknna ekki tilefni til breytinga á vægiseinkunnum í matsskýrslu og breyti því ekki mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar á vatnalíf. Að höfðu samráði við Finn Ingimarsson, forstöðumann Náttúrufræðistofnunar Kópavogs og fyrsta höfund skýrslunnar, leggjum við til vöktun á vatnalífi. Lagt er til að endurtaka netaveiði í öllum vötnunum sem veitt var í 2015 og 2017 og rafveiða í ánum á neðri svæðunum sem eru fiskgeng frá sjó. Þetta verði gert þrisvar sinnum á tveggja ára fresti eftir að framkvæmdum lýkur og þá metið hvort ástæða sér til frekari vöktunar. Um leið og veitt er þá verði tekin svifsýni sem geta verið indikatarar á breytingar auk blaðgrænumælinga, mælinga á sýrustigi, hita og e.t.v fleiri hefðbundnum umhverfisbreytum.

Við gætum hist á fundi þegar þið hafið kynnt ykkur skýrslurnar og rætt þetta nánar og komist að sameiginlegri niðurstöðu.

Bestu kveðjur

Arnór

**Arnór Þórir Sigfússon**

Dýravistfræðingur Ph.D. | Animal Ecologist Ph.D.  
+354 422 8466 | +354 843 4924 | [ats@verkis.is](mailto:ats@verkis.is) |  
[Skype](#)

Ofanleiti 2 | 103 Reykjavík | +354 422 8000 | [www.verkis.is](http://www.verkis.is)

**From:** Trausti Baldursson [mailto:[trausti@ni.is](mailto:trausti@ni.is)]  
**Sent:** fimmtudagur, 22. júní 2017 09:11  
**To:** Arnór Þórir Sigfússon <[ats@verkis.is](mailto:ats@verkis.is)>  
**Subject:** Re: 13029003-1-TP-0167-Hvalá

Tilvísun í mál: 2016060030

Sæl Arnór, ég geri ráð fyrir að þú hafir reynt að ná í mig vegna þessa máls. Afsakaðu töfina, það hefur verið erfitt að ná á rétta fólkið hér innan húss, en til að tefja ekki málið frekar þá samþykkjum við þá könnun sem þú leggur til. Við getum rætt um hvort þörf sé á vöktun þegar niðurstöður vettvangskönnunnar liggur fyrir vona að það sé ásættanlegt.

Kveðja

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)  
212 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: [trausti@ni.is](mailto:trausti@ni.is)



Frá: Arnór Þórir Sigfússon <[ats@verkis.is](mailto:ats@verkis.is)>  
Dags: 15.06.2017 11:24:07

Til: Trausti Baldursson <[trausti@ni.is](mailto:trausti@ni.is)>  
Efni: 13029003-1-TP-0167-Hvalá

---

Sæll

Í framhaldi af samtali okkar frá því í Norræna húsinu á Umhverfismatsdeginum þá sendi ég þér tillögu um tilhögun frekari rannsókna vegna Hvalárvirkjunar. Í álitni Skipulagsstofnunar bls. 15-16 segir:

„Í ljósi þess sem rakið er hér að framan telur Skipulagsstofnun að beita beri varúðarnálgun og afla frekari upplýsinga um fuglalíf á áhrifasvæði framkvæmdarinnar áður en til leyfisveitinga kemur. Ráðist verði í frekari athuganir á fuglum á áhrifasvæði framkvæmdarinnar, sérstaklega við Eyvindarfjarðará og við Ófeigsfjörð. Haft verði samráð við Náttúrufræðistofnun Íslands um tilhögun þessara athugana og einnig um það hvort niðurstöður þeirra gefa tilefni til vöktunar á afdrifum válista- og ábyrgðartegunda á áhrifasvæði framkvæmdarinnar að loknum framkvæmdum.“

Framkvæmdin sjálf, vegagerð, lón, strengleið og stöðvarhús munu fyrst og fremst hafa áhrif á algenga mófugla. Uppi á heiðinni er þéttleiki fugla mjög lítill og ekkert af fuglum á vötnum því þau eru undir snjó og ís fram eftir sumri. Á láglandi þar sem fyrst og fremst er um vegagerð að ræða eru þetta algengir mófuglar. Válistategundir sem vitað er að verpa í námunda við framkvæmdir eru svartbakur og grágæs sem ætti að vera farin af válista. Grágæs verpir aðallega í eyjum á firðinum og verður því ekki fyrir áhrifum. Svartbakar verpa eitthvað en eru skotnir af ábúendum og varpi eytt til að verja æðarvarp. Straumönd og gulönd sást í athugunum 2015 en það eru líklega mestallt fellifuglar sem ekki verða fyrir varanlegum áhrifum af framkvæmdum. Eitt straumandapar sást ofan Hvalárfoss en Pétur Guðmundsson ábúandi segist aldrei hafa séð straumönd með unga í firðinum.

Lagt er til að farið verði um láglandi í Ófeigsfirði þar sem rask verður og fuglar skráðir. Litið verði eftir straumönd og gulönd á sjó og í ósum líkt og sást 2015. Gengið verður að Eyvindará og fuglar á henni skoðaðir. Ég tel ekki tilefni til sérstakrar vöktunar framkvæmda á mófugla enda þéttleiki lítill og öryggismörk svo víð að erfitt væri að greina breytingar með vöktun á þéttleika.

Endilega skoðaðu þessar tillögur og hafðu samband ef það vakan spurningar eða ef þú vilt að ég komið á ykkra fund.

Kveðja

Arnór

**Arnór Þórir Sigfússon**

Dýravistfræðingur Ph.D. | Animal Ecologist Ph.D.  
+354 422 8466 | +354 843 4924 | [ats@verkis.is](mailto:ats@verkis.is) |  
[Skype](#)

Ofanleiti 2 | 103 Reykjavík | +354 422 8000 | [www.verkis.is](http://www.verkis.is)